

2. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina.

3. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Rotþróargjald skal lagt á og innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til Borgarfjarðarhrepps.

4. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Borgarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og tekur gildi. 1. janúar 2002.

Umhverfisráðuneytinu, 19. október 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag Gerðahverfis á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi Gerðahverfis. Breytingarnar felast í því að á reit sunnan Hraungerðis þar sem áður var gæsluvöllur komi 2 einbýlishúsalóðir. Ennfremur verða nokkrar breytingar á legu gatna, sem leiða af tengingu Stóragerðis við Dalsbraut skv. gildiandi aðalskipulagi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 29. október 2001.

F.h. Akureyrarbæjar,

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.